




Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Nes

2022 – 2023



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans	3
1 Greinargerð leikskólastjóra	3
2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2022-2023	4
2.1 Álfabergs (Hamrar). Börn fædd 2020 og 2021	8
2.2 Dvergasteinn (Hamrar). Börn fædd 2020.....	11
2.3 Hulduhóll (Hamrar). Börn fædd 2018 og 2019.....	15
2.4 Lundey (Bakki). Börn fædd 2019 og 2020	18
2.5 Tröllabjarg (Hamrar). Börn fædd 2017 og 2018	21
2.6 Viðey (Bakki). Börn fædd 2017 og 2018	24
3 Innra mat sérkennslu.....	28
5 Innra mat – fjöltyngd börn	29
6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	30
7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	31
7.1 Hamrar.....	31
7.2 Bakki	32
8 Foreldrasamvinna.....	32
9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal	33
10 Fylgigögn.....	33
10.1 Fylgiskjal 1.....	34
10.2 Fylgiskjal 2.....	39



Leiðarljós leikskólans

Gildi leikskólans Nes eru:

Virðing: Viðrum skoðanir annarra og sýnum virðingu í tali og framkomu.

Samvinna: Endurmetum starfið í sameiningu og hlustum á raddir hvers og eins.

Jákvæðni: Gleði og áhugi einkennir jákvæð samskipti og við mætum barninu þar sem það er statt í þroska og getu.

1 Greinargerð leikskólastjóra

Veturinn 2021-2022 hefur enn og aftur gefið okkur óhefðbundin verkefni, en svo fór að birta til seinni hluta vetrar og var mjög gaman að geta boðið foreldrum og aðstandendum barnanna á opið hús og útskrift elstu barnanna.

Vinnan sem var ákveðin með börnunum í vetur tókst mjög vel og náðu deildarnar að ná sínum markamiðum að mestu sem enn og aftur sýnir hvað starfsfólkið er faglegt í starfinu með börnunum.

Kristín Hildur var með námskeið um ferilmöppur en við erum að byrja að þróa hvernig við getum unnið markvist með þær.

Við vorum með skyndihjálparnámskeið í haust, en það erum við með annað hvert ár. Við fengum fyrirlestur sem heitir Mín hleðsla sem snýr að bæði andlegu og líkamlegu heilbrigði.

Í vor fórum við svo til Brighton. Þar fórum við á jóganámskeið og núvitundarnámskeið sem var mjög fróðlegt og vel kennt hvernig við notum þetta í starfi með börnunum.

Það sem við leggjum áherslu á í vetur er vinna með sköpun og sjálfseflingu og heitir verkefnið Heimur barnanna sem tengist Menntastefnunni. Við höfum verið að vinna með sköpun en ætlum að halda áfram og bæta við, kynna ólíkan efnivið þar sem börnin koma hugmyndum sínum í framkvæmd, gera tilraunir og prófa sig áfram í listsköpun/sköpun. Ferlið verður skráð í máli og myndum. Við komum til með að fá námskeið þar sem kynnt verður hvernig megi nýta verðlausan efnivið í vinnu með börnunum. Einnig verðum við með framhaldsnámskeið um skráningu og ferilmöppur.

Okkur hlakkar mikið til þess að takast á við nýjar áskoranir næsta vetur og horfi ég bjartsýn til næsta starfsárs með því frábæra starfsfólki sem er og með nýju starfsfólki sem á eftir að bætast í starfsmannahópinn í Nesi.



2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2022-2023

Innra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
Sumarfrí	Könnun á netinu	Allir starfsmenn og foreldrar	Að allir hafi sitt að segja með það sem er verið að kjósa um

Ytra mat

Foreldrakannanir:

Leikskólinn sendi foreldrum í janúar rafræna könnun varðandi sumarfríð næsta sumar. Tilgangurinn var sá að fá foreldra til þess að vera með í ákvörðunartöku um hvenær sumarfrí leikskólans ætti að vera. Foreldrar gátu valið um tvö tímabil, júní til júlí og júlí til ágúst. Þátttaka var góð og var niðurstaðan sú að leikskólinn yrði lokaður frá 13. júlí til 10. ágúst.

Einnig var foreldrum elstu barnanna send könnun um fyrirkomulag útskriftar.

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
Líðan starfsmanna í vinnunni	Starfsmanna-könnun á vegum Reykjavíkur-borgar	Allt starfsfólk	Gefur öllu starfsfólki rödd til að segja hvað/hvernig því líður í vinnunni. Nes kom vel út úr könnuninni og var almenn ánægja með leikskólann



Foreldrakannanir	Að fá foreldra til þess að vera með í ákvörðunartöku um vissa atburði á næsta skólaári	Foreldrar og starfsfólk	Foreldrar séu með í að taka ákvarðanir í starfi leikskólans. Fá sendar tvær kannanir yfir árið.
-------------------------	--	-------------------------	---

Umbótaáætlun leikskólans 2022-2023

Heimur barnanna

Markmið:

- Að barnið komi sjálft með hugmynd og fái aðstoð við að koma henni í framkvæmd eykur sjálfstraust og sköpunargleði.
- Það að barnið hafi aðgang að ólíkum efnivið ýtir líka undir sköpunargleði. Það að skapa sjálfur eykur trú á eigin getu, barnið fær sterkari sjálfsmynd og nær frekar árangri. Þetta eru eignleikar sem eru mikilvægir hverjum einstaklingi.
- Að láta drauma sína rætast hefur jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Verkefnið Heimur barnanna með áherslu á barnið tengist Menntastefnunni, sköpun og sjálfsefning. Með þessu verkefni viljum við gera barnið sjálfsöruggara í að skapa, sýna frumkvæði og að barnið fái tækifæri til að koma hugmyndum sínum í framkvæmd. Kennarar bjóði upp á ólíkan/verðlausan efnivið, gefi barninu góðan tíma í sína vinnu og að barnið fái tækifæri til að segja frá sínum verkefnum sem kennarar skrá niður í máli og myndum sem fer síðan í ferilmöppu barnsins.



UMBÓTAÞÁTTUR / MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefs t	Loki ð	Hvernig og hvenær metið/aðferðir ?	Viðmið um árangur
Textann í þessari línu má taka út, aðeins til leiðbeiningar	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmu m við það?	Hver ber ábyrgð, Hver framkvæmi r			Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Uppeldis- og menntastarf							
Heimur barnanna 	Auka sjálfsöryggi og sköpun. Barnið sýnir frumkvæði og kynnist ólíkum efnivið.	Kennarar bjóði upp á ólíkan efnivið í listasmiðju Gefa barninu góðan tíma Barnið sýnir/segir frá verkefnum sínnum. Ferlið er skráð í máli og myndum	Allt starfsfólk	Haust 2022	Vor 2023	Endurmetið á deildar og deildarstjóra- fundum yfir veturinn	Barnið sýnir stolt verkefni sín Barni á ýmis verkefni unnin úr ólíkum efnivið Barni á skráningar í ferilmöppu
Ferilmappa – Skráningar 	Auka leik barnsins sem náms og þroskaleið. Barnið hafi aðgang að ferilmöppunn í sinni og geti sett inn það sem það vill hafa í henni.	Starfsmenn gera skrunu í leik barn- anna, bæði skriflega og taki myndir, sem fara svo inn í feril- möppuna.	Deildar- stjóri ásamt öllu starfsfólki deildar- innar	Sept 2022	Maí 2023	Skráningar ræddar á deildarfundum og ígrundaðar	Skráning segir til um áhugasvið, styrkleika og félagslega stöðu barnsins.

Mannauður/ Leikskólabragur							
Fræðsla og endurmenntun	Að starfsfólk fái að vita hvaða námskeið og fræðsla eru í boði fyrir það.	Að senda tölvupóst til starfsmanna með aug- lýsingum um námskeið ásamt því að hengja upp auglýsingar á kaffistofunni eða setja inn á lokaðan hóp starfs- manna á facebook. Að bjóða upp á gagnleg og fræðandi erindi á skipulags- dögum.	Stjórnendur	Haust 2022	Vor 2023	Endurmetið á deildarstjórafundum	Að starfsfólk fái sem fjölbreyttust u fræðslu sem í boði er.
Innra mat							
Starfsmanna- viðtöl	Að starfsmaður geti komið á framfæri hvernig honum líður í vinnunni og hvaða símenntun hann hefur áhuga á.	Leikskóla- stjóri skipu- leggur tíma sem hentar starfi leikskólans hverju sinni.	Leikskóla- stjóri	Janúar 2023	Vor 2023	Á deildarstjóra- fundum.	Að allir starfsmenn fari í viðtal við leikskóla- stjóra einu sinni á ári.



2.1 Álfabergs (Hamrar). Börn fædd 2020 og 2021

Aðlögun nýrra barn

Aðlögun nýrra barna gekk mjög vel í vetur og er hún komin til að vera. En foreldrar voru ekki beðnir um að meta þeirra upplifun í könnun af aðlöguninni eins og talað var um í starfsáætlun síðasta árs en farið var yfir það með hverjum og einum í foreldraviðtölum í haust.

- **Styrkleikar:** Að foreldrar og börn kynnist leikskólanum, starfsfólki og dagskipulagi á nánari og betri máta með meiri viðveru og þátttöku í öllu aðlögunarferlinu. Foreldrar og börn verði öruggari þegar aðlögun lýkur.
- **Tækifæri til umbóta:** Að halda eins aðlögunarplani og var síðasta vetur.

Jóga

Vorum ekki með virkar jógastundir í vetur, það voru einungis teknar öndunaræfingar og slökun í samveru annað slagið. Það gekk erfiðlega að koma þeim inn í starfið hjá okkur. En starfsfólkið á deildinni hefur mikinn áhuga á að koma jógastundum betur inn í dagsskipulagið fyrir næsta vetur.

- **Styrkleikar:** Stuðla að betri andlegri og líkamlegri vellíðan barnanna sem skili sér í betri einbeitingu og slökun yfir daginn.
- **Tækifæri til umbóta:** Setja jógastundir að minnsta kosti 2 sinnum í viku inn í dagsskipulagið.

Skráning – ferilmöppur


Skráning í ferilmöppu gekk vel í vetur. Voru gerðar skráningar úr leik og starfi barnanna og sett í möppuna, einnig voru sett listaverk eftir þau í möppuna eins og t.d. fyrsta myndin. Mappan var aðgengileg fyrir þau inná deild meirihluta vetrar en við ákváðum að fjarlægja hana vegna þess að börnin kunnu ekki að umgangast hana.

- **Styrkleikar:** Styrkja leik barnanna sem náms- og þroskaleið. Barnið hafi aðgang að ferilmöppunni sinni öllum tímum og getur sett í hana það sem það vill. Með skráningu

sjáum við betur styrk barnsins ásamt félagslegri stöðu þess. Eins fá foreldrar að kynnast leik barnanna betur í gegnum skráningarnar/myndirnar. Skráningarnar nýtast vel við gerð einstaklingsnámskrá barnsins.

- **Tækifæri til umbóta:** Setja möppurnar aftur inná deild og hafa þær sýnilegar og kenna þeim umgengni í kringum þær.



UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir ?	Viðmið um árangur
Jóga 	Auka andlega vellíðan barnanna með aukinni þekkingu á samspili hugar og líkama og efla lífsleikni þeirra.	Með reglulegum og föstum jóga-stundum sem verða í dagskipulagi 2x í viku.	Deildarstjóri ber ábyrgð ásamt öllu starfsfólki deildarinnar.	okt	maí	Deildarfundir notaðir til að meta jógastundirnar og skoðað hvort börnin verða leiknari í því að finna sitt eigið jafnvægi.	Starfsfólk fylgist með virkni og þátttöku barnanna í stundunum og notast verður við myndaskráningu.
Sköpun og sjálfeeling 	Auka sjálfsöryggi og sköpun. Barnið sýnir frumkvæði og kynnist ólíkum efnivið.	Hvetja börnin til að prófa sig áfram í listsköpun. Þjóða upp á ólíkan/verðlausan efnivið. Barnið sýnir/segir frá verkefnum sínum og þau eru skráð í máli og myndum í samstarfi við barnið.	Deildarstjóri ber ábyrgð ásamt öllu starfsfólki deildarinnar.	Okt	maí	Ferilmappa barnanna sem er aðgengileg börnunum.	Ýmis verkefni unnin úr ólíkum efnivið. Barnið sýnir með stolti verkefni sín á veggjum skólans.
Sögugrunnur 	Efla málþroska og frásagnarhæfni barnanna. Frásagnir eru góð leið til að efla málþroskann, því að segja sögu sem reynir á flesta þætti máls og málnotkunar.	Skipulagðar stundir þar sem sögugrunnurinn er kynntur og börnin hvött til að búa til sína eigin sögu.	Deildarstjóri ber ábyrgð ásamt öllu starfsfólki deildarinnar.	jan	maí	Deildarfundir verða notaðir til að sjá hvernig þróunin í sögugrunninum þróast.	Fylgst verður með ferlinu í gegnum myndaskráningu. Hvert barn verður myndað við sögugerðirnar og sagan verður einnig skráð á blað.



2.2 Dvergasteinn (Hamrar). Börn fædd 2020

Skráningar – ferilmöppur:

Á skólaárinu var mikið um uppeldislegar skráningar og fyrirfram ákveðnar skráningar þar sem börnin voru ný á deildinni.

Styrkleikar:

- Starfsmenn sjá framfarir barnsins t.d. í fínhyfingum, málþroska, samskiptum, líðan og virkni. Auðveldara verður að búa til skráningar fyrir börnin þar sem við horfum rannsóknar augum á börnin í leik og í starfi og auðveldar okkur vinnu við skráningar fyrir ferilmöppu barnsins. Við skráum í glósubók sem hver og einn starfsmaður hefur til umráða og tökum ljósmyndir. Fórum yfir á deildarfundum.

Tækifæri til umbóta:

- Markmiðið var að börnin fengu val um það hvað færi í ferilmöppu sína og mappan væri þeim aðgengileg. Það var ekki að ganga upp í fyrstu þar sem börnin kunnu ekki umgengni við möppurnar. Þá breyttum við því þannig að möppurnar voru einungis í boði með starfsmanni. Setið er með börnunum og á meðan þær eru skoðaðar. Þannig læra þau almenna umgengni við möppurnar. Einnig þar sem öll börnin á deildinni voru ný um haustið. Þá fannst okkur einnig gaman að hafa fyrirfram ákveðnar skráningar eins og – fyrstu dagarnir mínir í leikskólanum (í mynd og máli), - fyrsta myndin mín í leikskólanum (tússlituð mynd ásamt ljósmynd af barninu við að lita) svo eitthvað sé nefnt. Þarf að gefa starfsfólki meiri tíma í undirbúning við vinnu skráninga. Við munum vinna meira/nánnar með skráningu í ferilmöppu barnsins næsta skólaár. Sjá umbótaáætlun næsta skólaárs 2022-2023

Gefðu 10:

Gefðu-10 átti að vinna með frá okt-apríl. Hver kennari ætlaði að Gefa-10 þremur börnum í 2 viku til að byrja með. Þannig myndum við auka á samtali og jákvæðum samskiptum við börnin. Svo ætluðum við að meta á deildarfundum hvort fækka þurfi eða auka börnum á hvern starfsmann. Þannig myndu allir kennararnir ná að hafa allan barnahópinn og skiptast á upplifunum. Farið yfir ítarlega á deildarfundum.

Styrkleikar:

- Markmiðið var að kennararnir eigi í samskiptum við öll börn deildarinnar og myndum fá meiri yfirsýn yfir sterkleika/veikleika hvers barns fyrir sig. Skiptast á skoðunum og yrði metið á deildarfundum. Deildarstjóri áttaði sig fljótlega á því að ekki væri unnt að hefja Gefðu-10 í okt. Aðlögunin tók lengri tíma og starfsmannaekla gerði það að verkum að starfsfólkið var ekki tilbúin í þetta verkefni. Ákveðið var í leikskólanum að leggja áherslu á ákveðna samskiptaskráningu sem leikskólastjóri setti upp með og allt starfsfólkið vann yfir á ákveðnum tíma. Ákvað deildarstjóri í samráði við starfsfólk deildarinnar að sleppa Gefðu-10 og vinna eftir skráningarformi sem leikskólastjóri setti fram og unnið yrði úr því. Á sama tíma sáum við mjög fljótt að leggja þyrfti meiri áherslu á listsköpun og gefa henni lengri tíma. Þar sem börnin voru það ung og höfðu jafnvel ekki umgengist liti/málningu og annað þá var sköpun ný fyrir þeim. Með því að byrja snemma að morgni til í listinni og bjóða einungis einu barni fyrir sig í listina þá kynntust þau listsköpun á sínum forsendum. Það heppnaðist mjög vel og gátum við boðið börnunum upp á fjölbreyttan efnivið og góðan tíma í sköpun. Við ætlum ekki að leggja áherslu á Gefðu-10 næsta skólaár. Þessum umbótaþætti er lokið.

Aðlögun:

Við náðum ekki að vinna með aðlögunarháttinn þetta árið eins og fyrirhugað var vegna covid. En samt sem áður vorum við mjög sátt við planið eins og það var sett upp. Yfir heildina voru flest börn og foreldrar örugg þegar aðlögunin lauk. Við lögðum mikla áherslu á að taka myndir af hverju barni fyrir sig á aðlögunartímanum og senda á foreldra í völu appinu. Einnig það að benda foreldrum á að hringja/við hringja í þau og láta vita hvernig gengur eftir foreldri fór sem þau gerðu. Margir foreldrar sögðu frá þakklæti sínu við þessum viðbrögðum.

Styrkleikar:

Að börnin og foreldrar finni til öryggis þegar kemur að aðskilnaðinum þegar aðlögunin líkur. Foreldrar fá meiri innsýn í leikskólastarfið með viðveru sinni. Ætlum að hafa eins aðlögunarhátt næsta skólaár 2022-2023 og því er þessum umbótaþætti lokið.



UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir ?	Viðmið um árangur
Textann í þessari línu má taka út, aðeins til leiðbeiningar	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hver ber ábyrgð, Hver framkvæmi r			Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsin g og /eða mælikvarð i sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Skráning - ferilmöppur	Að starfsfólk þjálfist í og verði öruggara að skrá leik og samskipti barna.	Hver starfs- maður sér um 1x skráningu fyrir jól og 1x eftir jól á barnahópnum Hjálpa starfs- mönnum að átta sig á hvenær hægt er að nýta tímann í skráningar.	Allir framkvæma en deildarstjóri ber ábyrgð.	Sept'22	Maí'23	Miðað við ákveðinn fjölda skráninga á barn. Farið yfir á deildarfundum. Starfsmenn fá tíma í undir-búning fyrir úrvinnslu skráninga.	Skráningar verði að eðlilegum hluta leikskóla- dagsins og unnið með þær á markvissa n hátt. Að starfsfólk öðlist meira sjálfsörygg i í að skrá og lesa úr skráningu m á skilvirkan hátt.
 Heilbrigði, lífstill og vellíðan -jóga	Auka bæði líkamlega og andlega vellíðan meðal barnanna. Að vinna mark- visst með öndun/hugleiðslu/ jóga með börnunum	Til að byrja með í morgun samverustundu m 2x í viku og byrjum á því að æfa öndunar- og slökunar- æfingum. Smá saman bætum við jóga og svo hug-leiðslu við.	Allir fram- kvæma og deildar- stjóri ber ábyrgð	Okt'22	Maí'23	Til einkum okkur einfaldar öndunar- æfingar ásamt slökunaræfingum. Bætum svo jógastundum við. Farið yfir á deildarfundum og unnið úr skráningum.	Andlega og líkamlega líðan barnanna bætist. Einbeiting þeirra eflist og þau finna smám saman hugarró og innri frið.
 Sjálfsæfing og sköpun	Auka sjálfsöryggi og sköpun. Barnið sýnir frumkvæði og kynnist ólíkum efnivið.	Hvetja börnin til að prófa sig áfram í list- sköpun. Þjóða upp á ólíkan/verð- lausan efnivið. Barnið sýnir/segir frá	Allir framkvæma en deildarstjóri	Okt'22	Apríl'23	Vinna barnanna er skráð í máli og myndum og safnað í ferilmöppu þeirra. Einnig er vinnan sýnileg á veggjum leikskólans.	Börnin eiga skráningar í feril- möppunni. Þau eiga verkefni unnin úr ólíkum

		verkefnum sínnum og þau eru skráð í máli og myndum í samstarfi við barnið.					efnivið. Börnin sýna með stolti verkefnið sín.
--	--	---	--	--	--	--	---



2.3 Hulduhóll (Hamrar). Börn fædd 2018 og 2019

Endurmat barnanna

Gekk vel. Börnin voru spurð og hugmyndir þeirra skráðar, myndir af leikefninu var notað við skráningarnar.

- **Styrkleikar:** Börnin höfðu áhrif á leik og starf með endurmatinu.

Umbótaáætlun lokið og höldum áfram með óbreyttu fyrirkomulagi næsta vetur.

Einingakubbar

- **Styrkleikar:** Gengu mjög vel. Mikil þróun var í byggingum barnanna, þróunin var skráð og sett í ferilmöppu barnanna.

Umbótaáætlun lokið og höldum áfram óbreyttu fyrirkomulagi næsta skólaár.

Skráning, ferilmappa

- **Styrkleikar:** Gekk mjög vel, skráningar voru gerðar á leik og starfi barnanna og settar í ferilmöppuna, ekki náðist að kynna fyrir þeim að þau gætu haft val um hvað færi í ferilmöppuna. Möppurnar voru aðgengilegar og börnin höfðu mjög gaman að fletta í gegnum þær, skoða myndir af sér og listaverk frá því að þau voru yngri. Ekki var því komið við að leyfa þeim sjálfum að ákveða hvað fer í möppuna Sjálfseflandi fyrir börnin að sjá þróunina á listaverkunum sínum, myndir af þeim þegar þau voru minni. Málþroski eflist því þau spjalla mikið saman um möppuna sína.
- **Tækifæri til umbóta:** Ræða það strax að hausti að ef það er eitthvað sem börnin óska eftir að fara í möppuna eiga þau að láta kennarana vita.

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Textann í þessari línu má taka út, aðeins til leiðbeiningar	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hver ber ábyrgð, Hver framkvæmir			Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Tónlistar- stundir	Að börnin læri að þekkja mismun- andi tónlist og hljóðfæri	Börnunum skipt í litla hópa og tónlistar- stundir einu sinni í viku	Deildarstjóri ber ábyrgð ásamt starfsfólki deildarinnar Verður á vaktaplani	Sept. 2022	Maí 2023	Ræða á deildarfundum hvernig gengur og hvað má gera betur.	Börn upplifa mikla ánægju í gegnum tónlist. Þessir þættir eru mikilvægir þegar kemur að málörvun og þróun hljóð- kerfisvitundar
Numicon	Að börnin læri að þekkja og búa til mismun- andi form og mynstur. Þjálfar stærð-fræði hugsun.	Hafa numicon í dagskipulagi deildarinnar og skipta börnum í litla hópa. Markvissar stundir 1-2 í viku.	Deildar- stjóri ber ábyrgð ásamt starfsfólki deildarinnar.	Sept. 2022	Maí 2023	Útbúa áætlun sem unnið er eftir og fara yfir á deildarfundum hvað má gera betur.	Börnin verði fróðari um tölur og form og að þau geta nýtt sér það í leik og starfi.
Sköpun og sjálfsefning 	Börnin þjálfast í því að skapa eigin verkefni og kynnist ólíkum efniviði í listsköpun.	Börnin eru hvött til þess að prófa sig áfram í listsköpun, nota hugmynda- flugið. Kennarar eru vakandi fyrir því að bjóða	Deildar- stjóri ber ábyrgð ásamt starfsfólki deildarinnar.	Sept. 2022	Maí 2023	Vinna barnanna er skráð í máli og myndum og safnað í ferilmöppu þeirra. Einnig er vinnan sýnileg á veggjum leikskólans.	Börnin eiga skráningar í ferilmöppunni þau eiga verkefni unnin úr ólíkum efniviði. Börnin sýna verkefni sín með stolti.

		upp á ólíkan efnivið í listasmiðju. Kennarar styðja börnin í því að út- færa og koma hugmyndum sínum í framkvæmd.					
--	--	--	--	--	--	--	--



2.4 Lundey (Bakki). Börn fædd 2019 og 2020

Aðlögun

Gekk mjög vel, foreldrar voru ánægðir og börnunum leið vel. Öll börnin byrjuðu um haustið og var því aðlögunartímabilið í um mánuð.

Umbótaáætlun lokið og höldum áfram með óbreyttu fyrirkomulagi næsta vetur.

Hreyfing

Börnin fóru einu sinni í viku í hreyfistund, ýmist í salnum eða inn á deild. Gekk mjög vel.

Umbótaáætlun lokið og höldum áfram með óbreyttu fyrirkomulagi næsta vetur.

Skráning

Deildarstjóri sá um skráningar. Þarf að virkja allt starfsfólk til að skrá. Hver starfsmaður hefur sína bók til að skrá og möppurnar eru núna orðnar sýnilegar og aðgengilegar inni á deild.

Viljum halda þessari vinnu áfram í vetur.

- **Styrkleikar:** börnin fá að vera meira með í skráningum þegar að þau geta sjálf flett möppunni og skoðað myndir og listaverk eftir sig
- **Tækifæri til umbóta:** Virkja meira allt starfsfólk í skráningum, fleiri deildarfundir til að geta farið yfir hvernig gengur.

Jóga

Vorum ekki með virkar jógastundir í vetur, en jógaæfingar voru teknar inn í markvissar hreyfistundir. Starfsfólk Lundeyjar mikinn áhuga á að koma jógastundum betur inn í dagsskipulagið fyrir næsta vetur og verður það gert með því að hafa börnin í litlum hópum og setja jógastundinar markvisst inn tvisvar í viku.

- **Styrkleikar:** Stuðla að betri andlegri og líkamlegri vellíðan barnanna sem skili sér í betri einbeitingu og slökun yfir daginn.
- **Tækifæri til umbóta:** Setja jógastundir að minnsta kosti 2 sinnum í viku inn í dagsskipulagið.



UMBÓTAÞÁTTUR / MATSPÁTTUR	Tækifær i til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefs t	Loki ð	Hvernig metið/aðferðir ?	Viðmið um árangur
Jóga 	Stuðla að betri andlegri og líkamlegri vellíðan barnanna	Yoga verður eftir morgunmat áður en börnin fara í útiveru, Skiptum hópnum í tvo hópa og hvert barn fer þá einu sinni í viku	ábyrgð deildarstjóra að virkja allt starfsfólk, starfsfólk deildarinnar framkvæmir	Okt 2022	Maí 2023	Metið einu sinni í mánuði á deildarfundum	tveir starfs- menn með hvern hóp, einn sem stjórnar yoga stundinni og einn sem tekur myndir og heldur utan um skráningar .
Sköpun og sjálfsefning 	efla sjálfsöryggi og sköpun. Að barnið sýni frumkvæði og kynnist ólíkum efnivið	Boðið verður upp á ólíkan/verðlausa n efnivið í listsköpun. Barnið er hvatt til þess að prófa sig áfram og nota hugmyndaflugið. Barnið sýnir/segir frá verkefnum sínum.	Deildarstjórinn ber ábyrgð en allt starfsfólk deildarinnar framkvæmir	Okt 2022	Maí 2023	Allt skráð í ferilmöppur barnanna. Metið einu sinni í mánuði á deildarfundum	Ýmis verkefni unnin úr ólíkum efnivið. Barnið sýnir með stolti verkefnin sín á veggjum skólans
Skráning - Ferilmöppur 	Að starfsfólk hafi betri yfir-sýn yfir samskipti/félagsþroska og málþroska barnanna. Barnið hafi aðgang að	Hver starfsmaður hefur glósubók sem skráð er í samskipti/virkni barnanna í starfinu. Teknar eru myndir af börnunum við leik og störf sem nýtast í ferilmöppuna.	Allt starfsfólknið á deildinni, framkvæmir en deildarstjóri ber ábyrgð.	Sept 2022	Maí 2023	Endurmetið markvisst á deildarfundum	Skráning segir til um áhugasvið, styrkleika og félagslega stöðu barnsins.

	ferilmöppu sinni og hafi val um það hvað er sett í hana.						
--	--	--	--	--	--	--	--



2.5 Tröllabjarg (Hamrar). Börn fædd 2017 og 2018

Sjálfsefning

Vel hefur gegnið að fá börnin til þess að sjá að allir eru góðir í einhverju.

- **Styrkleikar:** Börnin þekkja styrkleika sína og hafa öðlast betri trú á eigin getu. Þau hvetja einnig vini sína áfram til þess að ná fram markmiðum sínum.
Þessi þáttur er kominn til að vera.

Hljóðvistin á deildinni

Ýmislegt hefur verið gert til þess að bæta hljóðvistina á deildinni. Þeim stundum þar sem öll börnin eru saman inni á deild hefur fækkað. Starfsfólk er meðvitað um að grípa öll tækifæri sem gefast til að fara með hluta barnanna út af deildinni t.d. til þess að spila eða fara í útiveru. Þegar rætt var við börnin kom fram hjá þeim öllum að mikill hávaði gæti skaðað heyrnina, þeim yrði illt í höfðinu og eyrunum.

- **Styrkleikar:** Þegar börnin eru í minni hóp þá eykst einbeiting þeirra, þau hlusta betur og taka betur eftir. Þannig sköpum við betri skilyrði fyrir málþroska barnanna. Þegar börnin taka þátt í umræðunni um hvernig bæta megi hljóðvistina verða þau meðvitaðri um hvað gott sé að gera og minna hvert annað á.
Verður endurmetið aftur eftir þrjú ár.

Ferilmappa/skráning í leik

Vægi leiksins hefur verið aukið töluvert og honum gefið meira rými í dagskipulaginu. Kennarar voru mjög meðvitaðir um að fylgjast með leik barnanna og skrá hjá sér bæði í máli og myndum.

- **Styrkleikar:** Til eru skráningar í ferilmöppum allra barnanna þar sem fylgst er með þroska, námi og velferð þeirra í gegnum leik. Þessar skráningar nýttust vel við gerð einstaklingsnámskrár og í foreldraviðtölum. Börnin eru mjög stolt af möppunum sínum og sýna hvert öðru og foreldrum sínum. Mikil málörvun á sér stað þar sem miklar umræður skapast milli barnanna þegar þau skoða saman möppurnar sínar. Einnig er það mjög sjálfsefandi fyrir þau að sjá þær framfari sem þau hafa tekið síðan þau byrjuðu í leikskólanum.
- **Tækifæri til umbóta:** Gera skráningar af ferli í listasmiðju bæði í máli og myndum.


Vinsemd/félagsfærni

Nokkuð vel hefur gengið að vinna með þennan þátt. Umræður hafa skapast um það hvernig góður vinur á að vera.

- **Styrkleikar:** Börnin eru mjög hjálpsöm og tilbúin til að aðstoða hvort annað og kennarana líka. Þau sýna samkennd og væntumþykju.

Þessi þáttur er kominn til að vera.



UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifær i til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferði r?	Viðmið um árangur
 Sjálfsfelling og sköpun	Börn þjálfist í því að skapa eigin verkefni og kynnist ólíkum efniviði í listsköpun	Börnin eru hvött til þess að prófa sig áfram í listsköpun, nota hugmyndaflugið. Kennarar eru vakandi fyrir því að bjóða upp á ólíkan efnivið í listasmiðju. Kennarar styðja börnin í því að útfæra og koma hugmyndum sínum í framkvæmd.	Deildarstjóri og starfsfólk deildarinnar.	Septemb er 2022	Mai 2023	Vinna barnanna er skráð í máli og myndum og safnað í ferilmöppu þeirra. Einnig er vinnan sýnileg á veggjum leikskólans.	Börnin eiga skráningar í ferilmöppunni. Þau eiga verkefni unnin úr ólíkum efnivið. Börnin sýna verkefni sín með stolti
 Virðing	Börn og starfsfólk sýni hvert öðru og umhverfi sínu virðingu.	Vinum með dyggðina virðing og styðjumst við lífsleikni verkefni frá leikskólunum Síðuseli, Sunnubóli og Krógabóli	September 2022	Apríl 2023	Deildarstjóri og starfsfólk	Endurmetið reglulega á deildarfundum.	Samskipti á deildinni einkennist af virðingu. Virðing við umhverfi okkar.
 Sögugerð og frásagnir	Efla málþroska og frásagnarhæfni barna. Frásagnir eru góð leið til að efla málþroska, því það að segja sögu reynir á marga þætti máls og málnotkunar.	Börnin kynnast Sögugrunn og nýta hann til þess að gera sögur. Börnin kynna eða lesa bók í samverustund þau æfa sig heima með aðstoð foreldra	Október 2022	Apríl 2022	Deildarstjóri og starfsfólk.	Sögurnar verða teknar upp og skráðar og ljósmyndir teknar. Skoðað og rætt á deildarfundum	Börnin eiga sögur í ferilmöppum sínum bæði í máli og myndum. Mynd af þeim að lesa í samverustund í ferilmöppu.



2.6 Viðey (Bakki). Börn fædd 2017 og 2018

Vinnan með numicon kubbana gekk mjög vel í vetur og er það komið til að vera.

Umbótaáætlun lokið og höldum áfram með óbreyttu fyrirkomulagi næsta vetur.



Skipulagðar hreyfistundir:

Skipulagðar hreyfistundir gengu ágætlega í vetur. Börnin fóru í hreyfistundir í sal einu sinni í viku, 20 mínútur í senn. Þannig að ákveðið hefur verið að halda áfram með þetta markmið.

- **Styrkleikar:** Börnin fengu fjölbreytta hreyfingu fyrir utan venjulega útiveru.
- **Tækifæri til umbóta:** Finna ákveðin tíma og dag sem hreyfistund er, setja markvisst inn í skipulag.



Jóga

Jógastundir gengu ekki nógu vel í vetur. Við settum upp fyrir síðasta vetur að vera með jógastundir einu sinni í viku en fyrir næsta ár ætlum við að hafa stundirnar strax eftir hádegismat, 2 til 3 sinnum í viku, sett inn í skipulag.

- **Styrkleikar:** Stuðla að betri andlegri og líkamlegri vellíðan barnanna.
- **Tækifæri til umbóta:** Setja jógastundir markvisst í skipulag eftir hádegismat



UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Textann í þessari línu má taka út, aðeins til leiðbeiningar	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hver ber ábyrgð, Hver framkvæmir			Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Hreyfing 	Skipulögð hreyfistund einu sinni í viku.	Deildarstjóri gerir plan fyrir allan veturinn með mismunandi hreyfi-stundum í sal.	Deildarstjóri ber ábyrgð og allt starfsfólk framkvæmir.	Sept. 2022	Maí 2023	Starfsfólk skráir hvernig gengur í hverjum tíma. Síðan er það tekið saman og rætt á deildar- fundum.	Öll börn á deildinni hafi fengið að meðaltali eina skipu- lagða hreyfi- stund á viku yfir veturinn.
Jóga 	Auka andlega vellíðan barnanna með aukinni þekkingu á samspili hugar og líkama	Með reglulegum jógastundum sem verða í dagskipulagi 2 til 3x í viku og skrá þær niður í skráningarbók	Allir starfs- menn á deildinni	Okt	apríl	Skráningabók til að meta hvað gengur vel. Deildarfundir verða notaðir til að meta a.m.k einu sinni í mánuði	Starfsfólk fylgist með virkni og þátttöku barnanna í stundunum
Sköpun og sjálfeeling 	Auka sjálfsöryggi og sköpun. Barnið sýnir frumkvæði og kynnist ólíkum efnivið.	Hvetja börnin til að prófa sig áfram í list- sköpun. Þjóða upp á ólíkan /verðlausan efnivið. Barnið sýnir/segir frá verkefnum sínun og þau	Deildarstjóri ber ábyrgð ásamt öllu starfsfólki deildarinnar.	Okt	maí	Ferilmappa barnanna sem er aðgengileg börnunum.	Ýmis verkefni unnin úr ólíkum efnivið. Barnið sýnir með stolti verkefnin sín á



		eru skráð í máli og myndum í samstarfi við barnið.					veggjum skólans.
Skráning - Ferilmöppur 	Að starfsfólk hafi betri yfirsýn yfir samskipti/félagsþroska og málþroska barnanna. Barnið hafi aðgang að ferilmöppu sinni og hafi val um það hvað er sett í hana.	Hver starfsmaður hefur glósubók sem skráð er í samskipti/virkni barnanna í starfinu. Teknar eru myndir af börnunum við leik og störf sem nýtast í ferilmöppuna.	Allt starfsfólkið á deildinni, framkvæmir en deildarstjóri ber ábyrgð.	Sept. 2022	Maí 2023	Endurmetið markvisst deildarfundum.	Skráning segir til um áhugasvið, styrkleika og félagslega stöðu barnsins.
Einingakubbar	Að börnin þekki form og fjölda	Vinna markvisst með verkefni úr kubbum. Gefa leiknum góðan tíma.	Deildarstjóri ber ábyrgð öllu ásamt starfsfólki deildarinnar.	Sept. 2022	Maí 2023	Skrá ferlið og endurmeta á deildarfundum. Fá fræðslu inn á deildarfundum að hausti.	Að börnin geti nýtt sér tölur í leik og starfi. Einnig að vinnan auki hugtaka-skilning barnanna.



3 Innra mat sérkennslu

Mat á sérkennslu 2022-2023

Skipulagning sérkennslu 2022-2023 Hvernig var sérkennslan skipulögð, var haft í huga menntun án aðgreiningar. Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópastarfi, einstaklingskennslu o.fl. ?	Höfð var í hugsa menntun án aðgreiningar, þau börn sem eru með stuðning á Nesi tóku þátt í því sem var verið að gera inná deild og utan og fengu viðeigandi stuðning og aðstoð til þess. Lagt er upp með að grípa tækifærin í dagslegu starfi og lögð áhersla á náttúrulega kennslu. Einnig eru einstaklingsvinnustundir, þar sem sum verkefni og innlögn þarfnast ró og næði. Skráning er einstaklingsbundin. Haldið var utan um framfarir og markmiðasetningu á skráningarblöðum og einstaklingsnámskrám.
Hvaða matsgögn voru notuð? Hér er vísað í TRAS, AEPS,HLJÓM-2 og fl.	TRAS, Íslenski þroskalistinn, Smábarnalistinn, HLJÓM-2, AEBS, ABBLS og skráning atferlisíhlutunar.
Hvaða námsefni var notað? Vorur t.d notuð aðkeypt námsgögn?	Spil, púsl og leikföng eru nýtt í sérkennslu og einnig eru útbúin námsgögn sem henta þeim markmiðum sett er hverju sinni.

Umbótaáætlun sérkennslu 2022-2023

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Náttúruleg kennsla	Að grípa tækifærin í daglegu starfi.	Að þeir sem sinna sérkennslu ásamt deildarstjórum komist á námskeið í náttúrulegri kennslu.	Stjórnendur	1.sept 2022	1.maí 2023	Á deildarstjóra fundi vorið 2023	Að allir sem sinna sérkennslu nái að fara á námskeið í náttúrulegri kennslu.

5 Innra mat – fjöltyngd börn

Mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltyngdra barna 2022-2022

Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?	Hefur farið inn í launakostnað. Nes hefur ekki fengið háa upphæð vegna þess hve fá fjöltyngd börn eru í leikskólanum
Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Á hvaða hátt? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?	Markviss vinna með grunnorðaforða fyrir öll börn á leikskólanum í almennu starfi á leikskólanum inná deildum. Notast verið við gefðu 10.
Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna? Á hvaða hátt? Eru t.d. les- og samverustundir nýttar til þess að dýpka orðaforða barna?	Á Nesi er lesið á öllum deildum á hverjum degi fyrir börnin.
Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? Á hvaða hátt? Eru t.d. notuð matstæki, gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?	Við höfum notast við orðalista sem við útbjuggum og einnig er notast við TRAS á fjöltyngdu börnin.
Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.	Deildarstjóri ber ábyrgð á að skima málþroska barnanna og lætur sérkennslustjóra inn í málið ef þörf er á.

Umbótaáætlun –fjöltyngi 2022-2023

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hver ber ábyrgð?			Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihó pur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Skráning og ferilmöppur	Að starfs- fólk leik- skólans sé markvisst í samskiptum við öll börn	Inni á deildum, hópastarfi, útiveru, efla starfsmennina á deildunum. Skipta börnum í minni hópa.	Deildastjóri og starfsmenn leikskólans	Sept 2022	Maí 2023	Skrifleg skráning, sýnileiki. Skráningar settar í ferilmöppur	Metið á deildarfundum

6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

- Starfsþróunarsamtöl

Starfsþróunarviðtöl fara fram í janúar til mars. Allt starfsfólk fær spurningar á blaði viku fyrir viðtölin til þess að undirbúa sig. Viðtölin fara fram á skrifstofu leikskólastjóra og eru um klst. í senn. Farið er í gegnum hvernig starfsmanni líður í vinnunni, hverjir styrkleikar þeirra eru og hvaða námskeið starfsmaður hefur áhuga að fara á.

7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

7.1 Hamrar.

Elstu börnin í Hömrum koma til með að fara einu sinni í mánuði í heimsókn í Borgaskóla. Þar er einn kennari sem sér um að taka á móti okkur og undirbúa heimsóknina þann mánuðinn. Börnin fara einu sinni í mánuði yfir veturinn í heimsókn. Í þessum heimsóknum koma börnin til með að kynnst skólanum/byggingunni, fara í tíma með öðrum nemendum, fara á bókasafnið ásamt því að fara í tíma hjá öllum sérgreinakennurum. Eins verða börn úr 5. bekk tengd við þennan hóp bæði með heimsóknum í leikskólann og leikskólabörnin í heimsókn til þeirra.

Markmið samvinnu leikskóla og grunnskóla í aðlögun 5 ára barna í grunnskólann

- Stuðla að vellíðan barna við flutning milli skólastiga
- Að börnin upplifi grunnskólann sem eðlilegt framhald leikskólans
- Að auka jákvæðni og bæra samvinnu á milli skólastiga
- Að börnin kynnist skólabyggingunni og skólalóðinni
- Að börnin kynnist bókstöfum og tölustöfum.

Leiðir að markmiðum

- Það að börnin koma í heimsóknir í skólann og kynnist bygginguni og skólalóðinni stuðlar að öryggi og vellíðan. Einnig að börnin sjái andlit kennarana á göngunum eða á skólalóðinni gerir að þau verða ekki alls ókunn börnunum þegar þau svo byrja í skólanum. Það að þessar heimsóknir séu dreifðar yfir skólaárið gerir að grunnskólinn verður strax partur af þeirra lífi strax á síðasta ári leikskólans og verður þeim því eðlilegt framhald leikskólans
- Með því að það fari hópur nemenda frá grunnskólanum í heimsókn í leikskólann og svo fer hópur nemenda frá leikskólanum í skólaheimsóknir skapar virðingu og jákvæðni í garð barna og starfsfólks á báðum skólastigum.
- Bæði í skólahópi í leikskólanum og í skólaheimsóknum munu leikskólabörnin kynnast bókstöfum og tölustöfum, ekki kannski með eiginlegri kennslu en með því að auka vitund leikskólabarnanna fyrir hverju þessi tákn standa og til hers við notum þau.

7.2 Bakki

Elstu börnin á Bakka fara í nokkrar heimsóknir í Engjaskóla yfir veturinn.

Heimsókn í kennslu með 1. bekk	Börnin fara einu sinni að hausti í tíma með 1. bekk Engjaskóla. Það fá þau að gera verkefni og kynnst skólanum.
Heimsókn í Ævintýraborg	Börnin fara einu sinni að vori í heimsókn í frístund ásamt börnunum í Engjaborg
Sérgreinar í Engjaskóla	Börnin fara í heimsókn til sérgreinakennara í Engjaskóla. Þar fara þau í smíði, matreiðslu, textíl o.fl. Þessar heimsóknir eru að vori.
Íþróttadagur	Börnin taka þátt í íþróttadegi ásamt öllum börnunum í Engjaskóla að vori.
Dansdagur	Elstu börnunum á Bakka verður boðið að taka þátt í dansdegi ásamt börnunum í 1.bekk að vori

8 Foreldrasamvinna

- **Foreldraráð:** Foreldraráð skipa 3 foreldrar og leikskólastjóri. Kosið er annað hvert ár að hausti. Hópurinn hittist þrisvar til fjórum sinnum á ári. Foreldraráð fær starfsáætlun til yfirlstrar auk annarra mála sem upp koma. Engin föst áætlun er yfir fundina en foreldraráðið ásamt leikskólastjóra eru með lokaðan spjallhóp á facebook í Hömrum en á Bakka hefur foreldraráðið samband við deildarstóra, þar sem þau ræða það sem er framundan. Foreldraráð er starfandi í hvoru húsi fyrir sig.
- **Foreldrafundur:** Einn foreldrafundur er haldin á ári og er hann í september. Þar er farið yfir vinnu vetrarins. Fyrst hittast allir í sal þar sem foreldrar eru boðnir velkomnir og farið yfir ýmsar upplýsingar og kynningu á starfsfólki sem er utan deilda. Síðan fara foreldrar inn á deildar hjá sínu barni þar sem deildarstjóri ásamt starfsfólki fer yfir efni sem við komum til með að vinna með næsta vetur. Foreldrafundirnir verða 29. september kl. 18 í Hömrum og 30. september í Bakka

9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Skipulagsdagar í vetur verða:

7. október 2022. Sameiginlegur dagur með leik- og grunnskólum

18. nóvember 2022

2. janúar 2023

6. febrúar 2023. Sameiginlegur dagur með leik- og grunnskólum

3. mars 2023.

10. maí 2023. Sameiginlegur dagur með leik- og grunnskólum


10 Fylgigögn

F. h. leikskólans Ness

Erna Jónsdóttir	21.6.2022
Leikskólastjóri	Dagsetning

10.1 Fylgiskjal 1

Starfsáætlun 2022 – 2023 Leikskólinn Nes



Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Sædís Jana Jónsdóttir
Áslaug Þórdís Gissurardóttir
Veróníka Björk Gunnarsdóttir
Arna Lind Sigurðardóttir
(Guðrún Helga Heiðarsdóttir)



Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkennslu og umbótaáætlun.
- Innra mat- fjöltyngi barna og umbótaáætlun.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.



Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.



Umsögn foreldraráðs:

Bakki:

Foreldraráð Bakka er í megin atriðum ánægt með starfsáætlun vetrarins 2022-2023.

Mikilvægt er að starfsstöðvarnar tvær Bakki og Hamrar fái að halda sínum sérstöðum og erum við ánægð að sjá að verið sé að rýna í síðasta vetur og markmið sett fyrir hvora starfsstöð um það sem betur má fara. Umbótaráætlun er hnitmiðuð og skýr.

Foreldraráði finnst áætlun taka mið af þörfum bæði einstaklinga og hópa sem og mismunandi þörfum barna.

Vikupóstur og mánaðarplan hefur verið sent út sem foreldrum finnst afar gott að fá. Foreldrar óska eftir að fá fleiri myndir sendar úr starfinu en það væri gaman að fá myndir inn á Vala appið svo foreldrar geti fylgst með. Við höfum tekið eftir því einnig hvað börnin hafa gaman af því að sjá myndir úr leikskólanum.

Hamrar

Foreldraráð hefur engar sérstakar athugasemdir.

Bakki

Foreldraráð er ánægt með hversu mikill samgangur er á milli deilda á Bakka og hefur trú á að samvinna gangi vel bæði milli kennara og milli nemenda.

Almenn ánægja er með hvernig skólinn tengir heilsuefli inn í starfið eins og með reglulegum hreyfistundum og jóga. Það er jákvætt að sjá að reglulegt jóga og róleg stund verði sett inn í daglegt skipulag eftir hádegi.

Mjög mikil ánægja er með reglulegar fjöruferðir og er mikilvægt að halda þeim áfram þar sem þetta er eitt af sérstöðum leikskólans.

Mikil áhersla er lögð á útiveru sem börnunum finnst gaman og þætti okkur gaman að sjá meiri not af baklóðinni og þannig að baklóðin væri sett í vikulega dagskrá barnanna þar sem hún býður upp á mikla möguleika og ýtir undir ímyndunarleik og frjóhugsun.

Á leikskólalóðinni er möguleiki á matjurtagarði og væri það skemmtileg viðbót að nýta það.



Samstarf leikskóla og grunnskóla er á dagskrá og er mikilvægt að börn fái að kynnast sínum grunnskóla svo aðlögun á skólastig verði sem auðveldust fyrir börnin.

Það er gaman að sjá að kennarar Bakka fá mikið af hugmyndum frá börnunum og vinna starfið í samvinnu við þau.

Að lokum verður að nefna að menntuðum leikskólakennurum hefur fækkað gríðarlega og er ákveðinn áhyggjupáttur. Það verður þó áhugavert að sjá hvað gerist næsta haust þegar nýtt starfsfólk hefur störf en foreldrar hafa áhyggjur af því hversu seint á að auglýsa lausar stöður og óttast að erfitt verði að manna leikskólann eftir sumarfrí.

Hamrar:

Foreldraráðið er sammála öllum helstu áherslum leikskólans. Við teljum mikilvægt að kennsla barnanna sé fjölbreytt og skapandi. Gott er að sjá hversu mörgum umbótaratriðum hefur verið lokið og vonandi gengur áfram vel að uppfæra starfsemina eftir Covid.

Í fyrri umsögnum var almenn ánægja hjá foreldraráðinu með jógaundir og við vonum innilega að það gangi vel að innleiða þær aftur í haust.

Við erum ánægð að sjá að samstarfið við Borgaskóla er að aukast og hefur gengið vel. Þetta er frábær þróun.

Ánægja hefur verið með facebook síðuna sem stofnuð var í fyrra og hefur hún hjálpað til við upplýsingarflæði, ásamt Völu og vikupóstum.

Umræða hjá foreldrum hefur verið varðandi elstu deild og hvort hægt sé að efla betur gönguferðir, könnunarferðir og jafnvel ferðir þar sem strætó nýttur.

Einnig viljum við koma á framfæri hversu vel hefur tekist að betrumbæta garðinn og við hlökkum til að sjá viðbætur í framtíðinni.



10.2 Fylgiskjal 2

Leikskóladagatal er á sér blaði

